



Hagabraut (286-01) í Rangárbíngi ytra

Landvegur (26) – Reiðholt

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum vegna könnunar á matsskyldu

Vegagerðin

Júlí 2024



Hagabraut (286-01), Landvegur (26) – Reiðholt

Forsíðumynd er loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Efnisyfirlit

1 Formáli.....	4
2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaaðila við þeim	5
2.1 Landsnet.....	5
2.2 Náttúrufræðistofnun Íslands	5

1 Formáli

Vegagerðinni hafa borist 4 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Hagabraut (286-01) milli Landvegar (26) og Reiðholts í Rangárþingi ytra.

Þær eru frá:

- 1. Landsneti, dagsett 02.07.2024**
- 2. Rangárþingi ytra, dagsett 10.07.2024**
- 3. Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 11.07.2024**
- 4. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 18.07.2024**

Umsagnir Rangárþings ytra og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands krefjast ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsagnir frá Landsneti og Náttúrufræðistofnun Íslands krefjast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila.

Í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila, og svör framkvæmdaaðila við þeim.

2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaaðila við þeim

2.1 Landsnet

Í umsögn Landsnets kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

Landsnet leggur áherslu á að þegar kemur til framkvæmda á svæðinu verði haft samráð við fyrirtækið varðandi framkvæmdir eða þverun helgunarsvæðis línanna. Það á sérstaklega við ef um háfermisflutning er að ræða eða vegagerð innan helgunarsvæðis. Nauðsynlegt er einnig að tryggja greiðan aðgang að mannvirkjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns. Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu mögulegs verks til umsagnar áður en það er unnið.

Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst nærri háspennulínum fyrirtækisins.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar ábendingar Landsnets. Eins og fram kemur í kynningarskýrslunni, köflum 1.8, 5.2 og 6.1 mun Vegagerðin verða í samráði við Landsnet vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í því samráði felst m.a. umsókn um leyfi vegna vinnu nálægt flutningsvirkja í rekstri auk þess sem farið verður yfir ofangreinda þætti sem Landsnet fjallar um í umsögn sinni.

2.2 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir það en ítrekar mikilvægi þess að sýna tillit til fuglalífs á varptíma þegar framkvæmdir eru í gangi.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin stefnir á að hefja framkvæmdir í haust sem munu að mestu felast í gerð skeringa, efnisvinnslu og ræsagerð. Í framhaldi að því hefst endurbygging vegarins. Þar sem um er að ræða vinnu í núverandi vegstæði að mestu eru áhrif á varp fugla talin óveruleg og tímabundin.